

Út á lífið

Framhald af blaðsíðu 37.

Annað verkið sem heitir „Ígildi“ er blár vinnugalli með sjö litlum hvítmáludum trébútum sem passa vel í vasa. Samlíkingin við gjaldmiðil kemur óneitanlega upp í hugann, að Ólafur hugsi sér þessa kassa sem gjaldmiðil fyrir einhver ótiltekin listræn verðmæti. Þetta er sannarlega óvenjuleg hugmynd, því oftast lítum við svo á að listaverk standi fyrir listræn verðmæti sem við skynjum í verkinu sjálfu. En listaverk geta verið ígildi verðmæta sem ekki er beinlínis hægt að skynja í verkinu, t.d. geta þau haft sögulega eða félagslega þýðingu o.s.frv. Það eru þessir ytri þættir sem Ólafur einbeittir sér að, og þess vegna losar hann sig við alla innri byggingu og samsetningu verksins, til að beina athygliinni að öðrum þáttum sem hafa áhrif á verðmætasköpun í myndlist.

Það eru spennandi hugmyndir þarna á ferðinni og það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig Ólafur vinnur úr þeim. Hins vegar verður þessi sýning hugmyndum hans varla mikið til framskráttar, uppsetningin er of „passíf“. Það er í sjálfu sér ekkert athugasvert við það að flest ef ekki öll verkin hafa verið sýnd áður, en í þessu tilfelli verður útkoman sú að verkin virka eins og ígildi sjálfra sín, þ.e. þau standa fyrir verk og hugmyndir Ólafs Gíslasonar. Öll verkin sem voru á sýningunni í Gallerí einn einn eru þarna til staðar, m.a. listaverk fyrir kaffivél, sem stóð úti á gólfi í galleríinu undir kaffivél með rjúkandi kaffi fyrir gesti, en stendur hér án kaffivélar! Sama er að segja um verk sem var gert fyrir farangursgeymsluna í tilteknum Subaru hér í bæ, en er nú án Subaru. Þær torræðu hugmyndir sem hann er að fást við krefjast yfirvegaðri framsetningar en hér er til að dreifa.

Ragnar Ingólfsson byggir verk sín líka á kassalaga einingum, sem eru þó margbrotnari að allri gerð. Allir eru þeir jafnstórir, gerðir úr blikkumgjörð, slangir, með litadri glerrönd, þar sem á hafa verið prentaðar ýmist setningar á ensku eða samhverf munstur og tákn. Einingarnar eru hluti af „byggingarkerfi fyrir myndlist“. Hægt er að raða einingunum upp að vild, allt eftir kringumstæðum hverju sinni. Tvö dæmi um slíka uppröðun eru á sýningunni. Þetta hljómar ágætlega. En svo spyr maður sjálfan sig: Byggingarkerfi til að byggja hvað? Hvaða möguleika býður byggingarkerfið upp á? Maður gæti haldið að áletranirnar væru lykillinn að óvæntum möguleikum, en það er erfitt að sjá það, enda eru setningarnar ósamstæðar og út í hött, eins og t.d. „God is a dog“, og „This is not a statement“. Áletranirnar virðast satt að segja vera frekar léttvæg viðbót við byggingarkerfið. Ég gæti jafnvel ímyndað mér að einingarnar nytu sín best einar sér, eða fáeinar saman.

Kristján Steingrímur notar líka málm, en verkin hans eru þó myndrænust. Þau eru gerð úr fjórum þáttum; málmplötu, munstri sem er sandblásið í plötuna, máluðum grunni og áprentuðum hlutamyndum. Hann stillir saman, á skemmtilegan hátt, efnisföstum eiginleikum og óefniskenndum. Hann dregur fram málminn, bókstaflega með því að beygja hann fram og sandblása inn í hann munstur. Hlutamyndirnar eru eins og óljósar minningar sem fljóta ofan á yfirborðinu. Ólíkir hlutar myndarinnar eru annaðhvort á leiðinni inn í eða út úr myndinni. En verkin njóta sín varla nógu vel í svo stórum og opnum sal, lokaðra umhverfi mundi henta þeim betur.


Verk Írisar Friðriksdóttur hafa sérstöðu á sýningunni að því leyti að þau búa yfir útgæslun og hlýju. Í einu verki er rafmagnshella og í öðru tvö hitaelement sem senda varmageisla sína í átt að áhorfendum. Það er allsérkennilegt að verða fyrir jafnlíkamlegum áhrifum af myndlistarverki, sérstaklega þar sem þau eru af ósýnilegum völdum. Á gólfinu er verk sem bjargar samt hinum frá því að detta niður á það plan að vera lítið annað en sniðug hugdæta, en það samanstendur af stórum og massífum steinsteypuhellum og inni í þeim miðjum eru litlar, ofnar blómamyndir. Af þessum verkum að dæma er Íris að spenna til hins ýtrasta andstæðurnar milli hins kalda og óhaggeanlega og hins heita og óstöðuga, í bókstaflegri merkingu í fyrirnefndu verkunum en í táknrænni merkingu í því síðastnefnda. Það verður gaman að sjá hvernig hún vinnur frekar úr hugmyndinni.

Þegar vel tekst til með samsýningar þá styðja ólík verk við bakið hvert á öðru og góð stemmning myndast, en yfirbragðið á þessari sýningu er frekar þungt og dæmið gengur ekki nógu vel upp.

Gunnar J. Arnason

E F T I R V I N N U

HORNIE
 Restaurant
 Pizzeria



HAFNARSTRÆTI 15
 REYKJAVÍK SÍMI 13340

PIZZAHÚSÍÐ
 taki' ana heim!

FRIAR HEIMSENDINGAR ALLAN
 SOLARHRINGINN 7 DAGA VIKUNNAR
 PÖNTUNARSÍMI
679333
 PIZZAHÚSÍÐ
 Grensásvegi 11
 — þjónar þér allan sólarhringinn

FJÖRDURINN

Hljómsveit
Rúnars Þórs

leikur fyrir dansi.
 Mætum hress á góðan dansleik

skemmta föstudag
 og laugardag

OPIÐ 23.00–03.00

Snyrtilegur klæðnaður,
 20 ár

STRANDGÖTU 30

NILLABAR

Hreystimanna-
 félagið

skemmtir um helgina.
 Meiriháttar gaman.


Frábær stemmning
 OPIÐ 18.00–03.00

Snyrtilegur klæðnaður,
 20 ár

SÍMI 650123

Humphrey Bogart Ingrid Bergman Paul Henreid
BOGART · BERGMAN · HENREID

CASABLANCA



NYTT FOLK, BREYTTUR STAÐUR
PEACHTREE FINLANDIA
OPIÐ FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD
CASABLANCA
REYKJAVÍK

INGÓLFS CAFÉ

Opið föstudags- og
 laugardagskvöld
 kl. 11-03

HRESSÓ

HAM
 tónleikar fimmtudagskvöld
SILFURTÓNAR
 útgáfutónleikar föstudagskvöld
BOGOMIL FONT
 laugardagskvöld
Kuran Swing
 sunnudagskvöld

Adalréttir
 Skötuselsteik með fersku grænmeti í
 estragonrjómasósu.
 Kr. 990.-

Gljáð „thai“ kjúklingabringa með eggjanúðlum
 og hvítlaukssósu
 Kr. 1.590.-

Grillaður lambahryggur borinn fram með rósin-
 piparsóði og seljurótar- ætíþistlamauki.
 Kr. 1.490.-

Grilluð nautahryggneid með shallottulauk,
 sveppum, ferskum haunum og madeirasósu.
 Kr. 1.890.-

Amma Lú



Íris Guðmundsdóttir syngur
 fyrir matargesti ásamt djasstríói
 Einars Braga laugardagskvöld

Opið föstudags- og
 laugardagskvöld
 sími 689686